



Fundargerð:

Fundur var haldinn í stjórn SSA á Hótel Héraði á Egilsstöðum mánud. 18. apríl 2011. Hófst kl. 12:20.

Á undan stjórnarfundinum hafði verið kynningarfundur um landshlutaáætlun. Samantekt um hann og upplýsingar um mætingu þar eru færðar inn í sérstaka fundargerð, sem send verður þeim, er fundinn sóttu og hún auk þess varðveitt í gögnum SSA, sem tengjast umfjöllun um Sóknaráætlun / Ísland 20 20.

Stjórnarf. sátu: Valdimar O. Hermannsson, Þórunn Egilsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Sigrún Blöndal, Páll Baldursson, Gauti Jóhannesson og Jón Þórðarson í forföllum Stefáns Boga Sveinssonar. Auk þess sat fundinn Björn Hafþór Guðmundsson, frkvstj. SSA

Dagskrá stjórnarfundarins var svohljóðandi:

1. Fundargerðir SSA og ýmissa verkefna sem tengjast starfi SSA:
 - a) Fundargerð framkvæmdaráðs SSA frá 8. apr. 2011.

VOH gerði grein fyrir fundargerðinni og m.a. þeirri ákvörðun framkvæmdaráðsins að bjóða oddvitum ríkisstjórnarinnar upp á að halda ríkisstjórnarfund hér eystra og funda samhliða með sveitarstjórnarmönnum á starfssvæði SSA. Ýmsar ástæður hafa valdið því að málinu hefur ekki verið fylgt eftir sem skyldi, en þar vega hæst fjölmörg verkefni, sem ríkisstjórnin á við að glíma um þessar mundir. Formlegt erindi verður sent í dymbilvikunni.
Fundargerðin staðfest.
 - b) Stjórn SSA frá 28. feb. 2011.
Fundargerðin staðfest.
 - c) AST, framkvæmdaráð 22. feb., 17. marz og 7. apr. 2011.

Fjallað var um stöðu verkefnins og næstu skref. M.a. kom fram, að síðasta vinnufund framkvæmdaráðsins á að óbreyttu að halda 20. apríl og er áformaður kynningarfundur 29. apríl á tillögum þess til vinnuhópsins í heild. Fundað hefur verið sérstaklega með lögg. endurskoðanda SSA til að fara yfir valkosti um frágang fjárhagslegra atriða, ársuppgjör, skuldir og eignir, komi til beinnar sameiningar stöðstofnana eða náinnar samvinnu eins og að er stefnt.
 - d) AE, fundarg. frá 11. marz og 1 apr. 2011.

Undir þessum lið var fjallað um stöðu verkefnins og næstu skref. M.a. kom fram að næsta fund AE á að halda í Fljótsdal þriðjud. 26. apríl, en eitt af aðalumfjöllunarefnum þar verða drög að skýrslunni „**Austurland – Austfisk eining; Stöðuskýrsla og samantekt**“, sem unnið er að á vegum Þróunarfél. Austurlands. Auk þess var fjallað um verkefnið „almenningsangöngur“, sem gert hefur verið ráð fyrir að vistað yrði hjá AE. Gerðu VOH og BHG grein fyrir hvað gerzt hefur í málinu undanfarnar vikur.
 - e) Stjórn Héraðsskjalasafns Austf. 10. marz 2011. Fundarg. lögð fram til kynningar.
2. Frá landshlutasamtökum sveitarfélaga (LHSS):
 - a) Stjórn SASS 18. marz 2011 (fundur nr. 442).
Fundarg. lögð fram til kynningar.

- b) Stjórn SSNV 15. marz 2011.
Fundarg. lögð fram til kynningar.
3. Frá Samb. ísl. sveitarfélaga:
- a) Fundargerðir stjórnar; 25. feb. (784. fundur) og 24. marz 2011 (785. fundur).
Fundarg. lagðar fram til kynningar.
- c) Námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn í marz 2011. Um var að ræða námskeið föstud. 18. marz um „lagalega stöðu sveitarfélaga, fjármál og vinnuveitendahlutverk þeirra“. Annað námskeið var haldið 19. marz með yfirskriftinni „Að vera í sveitarstjórn“, þar sem fjallað var um eftirtalin meginatriði; Hlutverk og ábyrgð – Réttindi og skyldur – Samskipti og samstarf. Var það mat þeirra, sem sátu námskeiðin að þau hefðu verið upplýsandi og skilað góðum árangri, enda valdir leiðbeinendur í hverju rúmi.
4. Umsagnir um þingmál: Vinnuferli o.fl.
(Frkvstj. vék af fundi og var Páli Baldurssyni falið að rita og ganga frá fundargerð vegna umfjöllunar undir þessum dagskrárlið).
Farið var yfir fyrirkomulag við umsagnir. Eftir umræður staðfesti stjórn umboð framkvæmdastjóra.
(Hér mætti frkvstj. aftur til fundar).
5. Erindi og bréf:
- a) Markaðsstofa Austurlands 1. marz 2010 v/ tilnefn. frá SSA í stjórn félagsins.
Staðfest var tilnefning Magnúsar Más Þorvaldssonar sem aðalm. og Ástu Kristínar Sigurjónsdóttur sem varamanns, en henni hafði frkvstj. komið á framfæri við forsvarsm. Mark. Aust. að höfðu samráði við framkvæmdaráð SSA.
6. Áformað samstarfsverkefni SSA og Eypings. Eftirfarandi var bókað:
- Verkefnið heitir: Skatttekjur og ríkisútgjöld í Norð-Austurkjördæmi.
Gagnaðili samn.: RHA (Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri).
Verkefnisstjóri: Jón Þorvaldur Heiðarsson.
Hlutur SSA: 26 % (hlutfall af íbúatölu).
Samn.fjárhæð: 3.249.000 án VSK. (VSK fæst endurgreiddur).
Skilafrestur: Fyrir lok sept. 2011 liggi fyrir lokadrög til kynningar.
Kynning: Til að byrja með stutt kynning við afhendingu.
Rýnihópur: Jón Þórðarson, sveitarstjóri Borgarfjarðarhrepps verði fulltrúi SSA í „rýnihóp“ í upphafi verks.
- Stjórn SSA samþykkir þátttöku í verkefninu á grundvelli framangreindra og fyrir-
liggjandi upplýsinga.
7. Menningarsamningar.
Farið var yfir framgang málsins í heild. Annars vegar er um að ræða samning ráðuneyta iðnaðar- og menningarmála við landshlutasamstökun og þar með SSA. Sá samningur var undirritaður í Ráðherrabústaðnum í Reykjavík 15. apríl s.l. Sérstök viljayfirlýsing, honum tengd verður undirrituð fljótlega.
Hins vegar var gerður samningur um menningarmál milli sveitarfélaga á starfssvæði SSA. Hann lá fyrir til undirritunar 16. apríl s.l., samhliða úthlutun menningarstyrkja 2011, sem fram fór í Safnahúsinu í Neskaupstað.
Stjórn SSA þakkar menningarfulltrúa og öðrum, er þátt tóku í að leiða málið til lykta.
8. Samþykktir aðalfundar haustið 2010; yfirferð / frekari eftirfylgni.
Með fundarboði fylgdi samantekt um allar samþykktirnar. Rifjað var upp á hvern hátt þeim hefur verið fylgt eftir, en stjórn hefur áður verið gerð grein fyrir því, m.a. með sérstökum minnisblöðum.

- Ákveðið var að fjalla frekar um málið á næsta stjórnarfundum, en auk þess var frkvstj. falið að koma á framfæri við AE ósk um að á vettvangi starfshópsins verði lagt mat á það, hvaða málaflokkar í samþykktunum falli að vott skilgreindu hlutverki AE og hvort vinnuhópurinn væri reiðubúinn að taka þá upp á arma sína.
9. Minnt var á ýmisleg „tæknileg atriði“ v/ 45. aðalf. SSA 30. sept. og 1. okt. 2011.
 - a) Ákvörðun um helztu umfjöllunarefni aðalfundarins.
 - b) Ákvörðun um hvort fundarfyrirkomulag skuli vera skv. hefð (2 dagar).
 - c) Úthlutun menningarverðlauna SSA.
 - d) Val á heiðursgesti aðalfundar 2011.
 - e) Hverjum bjóða skal sérstaklega á aðalfundinn, sbr. þó hefð í þeim efnun.
 10. Upplýsingar um lífeyrisskuldbindingar SSA.

Frkvstj. gerði grein fyrir málinu, en upplýsingar þar um munu koma fram í ársreikningi SSA svo sem vera ber.
 11. Frágangur fjárhagslegra atriða vegna útgöngu Sveitarfélagsins Hornafjarðar úr SSA í árslok 2008 og Skeggjastaðahrepps í árslok 2005.

Frkvstj. gerði grein fyrir valkostum þeim, sem fyrir hendi eru og var honum veitt heimild til að leiða málið til lykta að höfðu samráði við lögg. endurskoðanda SSA og framkvæmdaráð.
 12. Endurskoðun á skipulagsskrá Ragnhildar B. Methúsalemsdóttur og Stefáns Péturssonar, sbr. bókun stjórnar SSA í lið 6/1 í fundargerð 30. ág. 2010.

Fyrir fundinum lágu drög unnin af frkvstj. Honum veitt heimild til að ganga frá málinu á grundvelli fyrirliggjandi gagna.
 13. Skýrsla form. og framkvæmdastjóra:
 - a) Frkvstj. upplýsti um ýmsar breytingar og lagf., sem gerðar hafa verið á heimasíðu SSA, en komast má inn á hana í gegnum vefköngin www.austur.is og www.ssa.is

Fram komu ábendingar um ýmis atriði, er horfa myndu til bóta, svo sem að upplýsingar vantar um netköng og símanúmer stjórnarmanna. Frkvstj. falið að bregðast við því.

Framvegis verða fundargerðir framkvæmdaráðs settar inn á heimasíðuna, þegar stjórn hefur staðfest þær, en frkvstj. og form. hafa samt fulla heimild til að vinna með innihald þeirra og fylgja því eftir skv. eðli mála.

Unnið verður að því að stofna sérstakt „vinnusvæði“ fyrir stjórn og framkvæmdaráð SSA, sem menn gætu sótt inn á rafrænt efni t.d. vegna undirbúnings funda.
 - b) Frkvstj. var falið að kalla eftir glærum frá framsögum á kynningarfundinum um „Landshlutaáætlanir / Ísland 20 20“ fyrr þennan sama dag. Jafnframt var það mat stjórnar, að nú væri búíð að „kasta boltanum“ og marka stefnu um að landshluta-samtök sveitarfélaga gegndu lykilhlotverki úti á einstökum svæðum vegna þeirra áforma, sem kynnt væru um þessar myndir vegna framangreinds verkefnis. Af þeim sökum yrðu menn að halda vöku sinni og vinna með verkefninu og tryggja að áherzlu heimamanna skiluðu sér inn í það.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 14:55.

Fundarritarar: Bj. Hafþór Guðm. / Páll Baldursson.